

## **9. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 27. október 2010, kl. 15:00.**

**Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerðir:**

- a) **Stjórnar Sambans íslenskra sveitarfélaga frá 22. september 2010**
  - b) **Stjórnar Sambans íslenskra sveitarfélaga frá 29. september 2010**
  - c) **Stjórnar Sambans íslenskra sveitarfélaga frá 13. október 2010**
  - d) **Stjórnar SSNV frá 12. október 2010**
2. **Erindi frá Þjóðskrá dags. 20. október 2010**
  3. **Bréf frá Brunabótafélagi Íslands frá 12. október 2010**
  4. **Bréf frá Umhverfisstofnun frá 11. október 2010**
  5. **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. október 2010**
  6. **Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu frá 27. september 2010**
  7. **Bréf frá SSNV frá 20. október 2010**
  8. **Landbúnaðarnefnd**
  9. **Önnur mál**
- 

### **Afgreiðslur:**

#### **1. Fundargerðir:**

**a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 22. september 2010.**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

**b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. september 2010.**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

**c) Stjórnar Sambans íslenskra sveitarfélaga frá 13. október 2010.**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Lögð fram til kynningar.

**d) Stjórnar SSNV frá 12. október 2010**

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarráð tekur undir ályktun félags Lögreglumanna á Norðurlandi vestra um að Norðurland vestra verði sérstakt lögregluumdæmi enda er það í samræmi við og í anda Sóknaráætlunar 20/20 þar

sem Norðurland vestra er skilgreint sem sérstakt svæði. Fundargerðin er að öðru leiti lögð fram til kynningar.

## **2. Erindi frá Þjóðskrá dags. 20. október 2010.**

Kynnt var bréf Þjóðskrár Íslands þar sem tilkynnt er að kosning til stjórnlagabings sem verður laugardaginn 27. nóvember 2010. Fram kemur í bréfinu að kjörskrá er gefin út þremur vikum fyrir kjördag og verða breytingar vegna íbúaskrá að berast í síðasta lagi þann 6. nóvember nk.

## **3. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 12. október 2010.**

Í bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu 2010 en stjórn félagsins samþykkti að greiða út 300 milljónir vegna ársins 2010. Hlutur Blönduósbæjar er 1.009% eða 3.027.000 krónur.

## **4. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 11. október 2010.**

Í bréfi Umhverfisstofnunar er vakin athygli á að í frumvarpi til fjárlaga 2011 er ekki gert ráð fyrir fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða. Bæjarráð harmar þá skammsýni sem felst í að hætta stuðningi við endurgreiðslur vegna refaveiða og hvetur stjórnvöld til þess að endurskoða þau áform. Vöxtur og viðgangur refastofnsins veldur ómældu tjóni á bústofni og fuglalífi ár hvert og því brýnt að vinna skipulega að fækkun hans.

## **5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. október 2010.**

Með bréfinu er vakin athygli á málstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 1. nóvember nk. um skólabrag. Málstofan er opin öllum sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum, fræðslunefndum, foreldrum auk fræðimanna og áhugamanna um bættan skólabrag.

## **6. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu frá 27. september 2010.**

Með bréfinu er sveitarstjórnnum gefin kostur á að sækja um byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2010/2011 og var umsóknarfrestur til 15. október 2010. Umsókn var send frá Blönduósbæ um byggðakvóta.

## **7. Bréf frá SSNV frá 20. október 2010.**

Á 18. Ársþingi SSNV var samþykkt að skipa starfshóp með fulltrúum allra sveitarfélaga á starfssvæðinu til að skoða valkosti varðandi sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Óskað er eftir að Blönduósbær tilnefni einn aðalmann og einn til vara. Bæjarráð samþykkir að tilnefna Ágúst Þór Bragason sem aðalmann og Kára Kárason til vara.

## **8. Landbúnaðarnefnd.**

Til fundar við bæjarráð eru mættir fulltrúar úr Landbúnaðarnefnd þeir Gauti Jónsson og Þórður Pálsson. Miklar umræður urðu um girðingarmál og minka- og refaveiðar.

Bæjarráð er sammála því að úrbóta sé þörf og vill beita sér fyrir úrbótum í girðingarmálum meðfram vegum.

**9. Önnur mál.**

a) Farið yfir húsnæðismál.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 17:18*

*Kári Kárason (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)*

*Valgerður Hilmarsdóttir (sign.)*